

## Skýrsla stjórnarformanns til aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands

Seyðisfirði 21.11 2014

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 2013, var haldinn í Fljótssdal í 11. nóvember 2013. Frá þeim fundi hefur framkvæmdastjórn komið saman á þremur fundum og einn stjórnarfundur verið haldinn.

Á fundum SKA hafa niðurstöður PISA2012 og slök útkoma Austurlands í þeirri könnun verið talsvert til umræðu og sett var af stað áttak um bættan námsárangur í læsi og stærðfræði. Í samstarfi við 10 grunnskóla á svæðinu hefur verið undirritaður samningur við Miðstöð skólaþróunar HA vegna innleiðingar lestrarkennsluáferðarinnar Byrjandalæsi. Á fundi stjórnar SKA í ágúst var svo samþykkt heimild til að bæta við 1 stöðugildi kennsluráðgjafa á árinu 2015, með það að markmiði að bæta námsárangur í skólum á Austurlandi.

Um mitt ár barst SKA uppsögn sveitarfélagsins Fljótssdalshéraðs á samningi um SKA. Tilgreind ástæða var að vinnuhópur um fyrirkomulag stöð- og nærþjónustu við fræðslustarf hjá Fljótssdalshéraði teldi nauðsynlegt að taka til endurskoðunar hluta þeirrar þjónustu sem veitt er af SKA. Í uppsagnarbréfi Fljótssdalshéraðs voru viðraðar hugmyndir um nýja samning með breyttum eða endurskoðuðum áherslum á starfi SKA. Stjórn samþykkti svo á fundi í ágúst að hefja endurskoðun á samningnum og fá utanaðkomandi aðila til að stýra þeirri vinnu, með það að markmiði að ljúka endurskoðun fyrir áramót, en að óbreyttu mun úrsögn Fljótssdalshéraðs, þá taka gildi. Hrönn Pétursdóttir var ráðin til að stýra endurskoðuninni og í stýrihóp um endurskoðunarvinnuna sitja fulltrúi SKA, fræðslustjórnar Fjarðabyggðar og Fljótssdalshéraðs, fulltrúi skólastjórnenda leik og grunnskóla á svæðinu og framkvæmdastjórn SKA.

Byggðasamlagssamningur um SKA er að stofni til frá 1996 er sveitarfélög tóku við rekstri grunnskólans, sá samningur var tímabundinn til þriggja ára, en nýr ótímabundinn var undirritaður 1999. Er sveitarfélög tóku við málefnum fatlaðra árið 2010 var undirritaður nýr samningur um SKA samhliða yfirfærslunni og starfsemi deildaskipt, þar sem sérfræðiþjónusta við skóla heyrir undir A deild og málefni fatlaðra undir B deild. Það er ekki óeðlilegt í samstarfi sveitarfélaga að mat sé lagt á sameiginlega starfsemi. Vonir standa til að endurskoðunarvinnu sem nú stendur yfir verði lokið á næstunni og aðildarsveitarfélögum kynntar niðurstöður vinnunnar fyrir áramót.

Í gildandi samningi um SKA þ.e. þeim hluta er varðar þjónustu við fatlað fólk er ákvæði um að samningsaðilar ákveði sameiginlega fyrir 01.09 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun samnings Á fundi stjórnar 18. ágúst 2014 samþykkti stjórn að fresta þeirri ákvörðun þar til endurskoðun yfirfærslunnar, milli ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir.

Miðað við núverandi rekstarumhverfi SKA er fjárhagur traustur og hefur umfangi reksturs verið vel stýrt með tilliti til tekna. Þegar ráðið hefur verið í nýja stöðu kennsluráðgjafa verða alls 7,5 stöðugildi við stofnunina. Leitast er við að fjármagn sem kemur til SKA vegna málefna fatlaðra fari sem mest í þjónustu við notendur. Vaxandi þörf er fyrir úrræðum í þjónustu við fatlaða, má þar nefna vöntun á skammtímavistun fyrir börn og ungmenni á svæðinu. Alltaf má gera betur og þótt biðlistar eftir þjónustu SKA s.s. sálfræðiþjónustu hafi unnist nokkuð niður, er fjöldi starfsmanna og umfang reksturs SKA ekki með þeim hætti að hægt sé að segja að biðlistar tilheyri liðinni tíð. Einkarekstur sérfræðinga á svæðinu s.s. starfsemi talmeinafræðings sem hóf rekstur á árinu er því góð viðbót sem ber að fagna.

Um nánari upplýsingar um starfsemi SKA er vísað til greinagóðrar skýrslu framkvæmdastjóra sem að venju er lögð fyrir aðalfund.

Kjörtímabil stjórnar SKA er hið sama og sveitarstjórna og mun ný stjórn taka til starfa eftir aðalfundinn. Stjórn er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaga og hvert sveitarfélag tilnefnir varamann. Stjórn velur formann og 3ja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsmönnum SKA og meðstjórnendum í framkvæmdaráði og stjórn gott og gefandi samstarf. Það hefur verið lærdómsríkt að fá að kynnast starfsemi SKA með þeim hætti að vera formaður og vafalaust í mínum huga að SKA skilar góðu starfi og tel dýrmætt fyrir faglegt starf sveitarfélaga að hafa aðgang að þessari stofnun.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður SKA